



Greining á beinum opinberum tekjum og gjöldum vegna ferðamanna 2015

Kynning á niðurstöðum

Kópavogur, 2. júní 2017

Greining á beinum opinberum tekjum og gjöldum vegna ferðamanna

Að beiðni Stjórnstöðvar ferðamála hefur Deloitte framkvæmt fjárhagslega greiningu á beinum tekjum og kostnaði ríkis og sveitarfélaga af ferðamönnum. Vinna okkar byggir á ráðningarsamningi sem dagsettur er 8. desember 2016.

Í þessari samantekt eru settar fram þær forsendur og sú aðferðafræði sem lágu til grundvallar fjárhagslegrar greiningar Deloitte, niðurstöður greiningarinnar auk almennrar umfjöllunar um önnur óbein og afleidd áhrif.

Þessi samantekt er unnin með fyrirvara um það umfang sem fólst í ráðningarsamningi milli Deloitte og Stjórnstöðvar ferðamála og þeim takmörkunum sem fólust í gagnaöflun.

Öll ákvörðunartaka í tengslum við niðurstöður greiningarinnar er í höndum Stjórnstöðvar ferðamála og tekur Deloitte ekki ábyrgð á ákvörðunum sem teknar eru á grundvelli niðurstöðunnar.

Virðingarfyllt

Deloitte ehf.

Tengiliðir

Björn Ingi Victorsson

Meðeigandi

Farsími: 856 3318

Netfang: bjorn.victorsson@deloitte.is

Lovísa Anna Finnbjörnsdóttir

Meðeigandi

Farsími: 770 4942

Netfang: lovisa@deloitte.is

Kynning

Verkefnisteymið

Samantekt þessi og skýrslan sem hún byggir á var samstarfsverkefni sérfræðinga Deloitte á Íslandi og í Danmörku.



Björn Ingi Victorsson

Meðeigandi, sviðsstjóri
Áhætturáðgjafar



Lovísa Anna Finnbjörnsdóttir

Meðeigandi, sviðsstjóri
Fjármálaráðgjafar



Haraldur I. Birgisson

Meðeigandi
Skatta- og lögfræðisvið



Majbritt Skov

Verkefnastjóri,
Ráðgjafasvið




Hildur Grétarsdóttir

Verkefnastjóri,
Fjármálaráðgjöf



Claus Frelle-Petersen

Liðsstjóri,
Ráðgjafasvið



Starfsstöðvar í
yfir 150 löndum



Árleg velta um
37 ma. USD




Yfir 245.000 sérfræðingar
á alþjóðavísu

Stýrihópur

Stýrihópur var skipaður til stuðnings við verkefnið

Stýrihópur

Við upphaf verkefnisins var stýrihópur skipaður til stuðnings við verkefnið. Hópurinn var skipaður **hagsmunaaðilum** úr ólíkum áttum.



Umfang & aðferðafræði

Umfang verkefnis

Bein áhrif ferðamanna á opinberar tekjur og gjöld

Verkefnið

Verkefni Deloitte felst í framkvæmd fjárhagslegrar greiningar á beinum áhrifum **ferðamanna** á tekjur og kostnað ríkis og sveitarfélaga.

Greiningin er sett fram miðað við **rauntölur ársins 2015** og byggð á þeim gögnum sem Deloitte hafði aðgang að annars vegar með fyrirspurnum til viðeigandi stofnana og fyrirtækja og hins vegar úr opinberum gögnum þ.e. frá opinberum stofnunum, ráðuneytum og hagsmunasamtökum.

Greiningin nær til þess hluta **virðisæðjunnar** sem selur vörur og/eða þjónustu beint til ferðamanna („Ferðapjónusta“). Samkvæmt skilgreindu umfangi greiningarinnar teljast aðrir hlutar virðisæðjunnar til óbeinna áhrif vegna ferðamanna.



Ferðamaður

„Sá einstaklingur sem fer í ferðalag vegna tómstunda, viðskipta, menntunar eða af annarri ástæðu að því tilskildu að áfangastaður sé utan hans venjulega umhverfis“

Staðlar Alþjóðaferðamálasamtaka Sameinuðu þjóðanna (UNWTO)

Þannig nær skilgreiningin yfir eftirfarandi:

- Erlenda einstaklinga sem koma til landsins og dvelja til skemmri eða lengri tíma, þar með talið tengifarþega sem millilenda á Keflavíkurlflugvelli.
- Íslendinga sem búsettir eru á Íslandi en hafa næturstað fjarri heimili sínu, innanlands eða erlendis, vegna ferðalaga. Í tilfalli þeirra Íslendinga sem ferðast erlendis er einungist horft til áhrifa á innlenda aðila.

Virðisæðja ferðapjónustu

Framleiðendur



Heildsalar



Ferðapjónusta



Ferðamenn



Aðrir neytendur

Aðferðafræði

Stuðst er við gögn og upplýsingar frá ýmsum hagsmunaaðilum, bæði opinberum aðilum og einkaaðilum

Aðferðafræði

Upphafspunktur í greiningunni er **neyslulíkan ferðamannsins**. Byggt frá gögnum Rannsóknarseturs verzlunarinnar um kortaveltu ferðamanna á Íslandi **árið 2015** hefur neysla ferðamanna verið kortlögð.

Kortlagningin myndar grunn að skilgreiningu á **mengi atvinnugreina** sem verða fyrir áhrifum vegna ferðamanna og hafa þannig **bein áhrif** á opinberar tekjur og gjöld ríkis og sveitarfélaga.

- Skilgreindir hafa verið opinberir tekju- og kostnaðarliðir sem taldir eru verða fyrir áhrifum af neyslu ferðamannsins.
- Það hlutfall hvers liðar sem tilheyrir ferðaþjónustu var metið sérstaklega með því að bera saman neyslu ferðamanna og **heildartekjur** hvers atvinnugreinaflokks.
- Í þeim tilfellum þar sem útreiknað hlutfall var ekki talið endurspegla raunverulega stöðu voru aðrar nálganir notaðar í greiningunni.



Greiningin byggir að stórum hluta á skattskilum og opinberum gjöldum einstaklinga og lögaðila sem falla undir hið skilgreinda **mengi atvinnugreinaflokka**.

Mengi atvinnugreinaflokka er skilgreint út frá íslenskri atvinnugreinaflokkun (ÍSAT 2008) að fyrirmynd Ferðaþjónustureikninga (e. Tourism Satellite Account - TSA) **Hagstofu Íslands**.

Ríkisskattstjóri hefur útvegað gögn um tekjur og opinber gjöld fyrir hið skilgreinda mengi ÍSAT atvinnugreinaflokka.


Gagnaöflun

Gagnaöflun var víðtæk. Stuðst var við gögn og upplýsingar frá ýmsum hagsmunaaðilum, bæði opinberum aðilum og einkaaðilum.

Rafræn könnun var lögð fyrir fjármálastjóra sveitarfélaga með aðstoð frá **Sambandi íslenskra sveitarfélaga**. Að auki voru umræðufundir haldnir með fulltrúum nokkurra sveitarfélaga, þ.á.m. Reykjavíkurborg og sveitarfélögum á Suðurnesjum.

Umfang verkefnis

Bein áhrif ferðamanna á opinberar tekjur og gjöld



Óbein og afleidd áhrif vegna ferðamanna

Greiningin nær ekki til óbeinna og afleiddra hagrænna áhrifa sem ferðamenn skapa í landinu

Óbein og afleidd áhrif

Ljóst er að ferðamenn hafa víðtækari áhrif á hagkerfið en hafa verið greind hér. Greining þessi tekur eingöngu á **beinum fjárhagslegum áhrifum** ferðamanna, sem verða til við neyslu ferðamanna og þar með tekjum til þeirra fyrirtækja sem sinna ferðaþjónustu, sem síðar myndar skattlagðan hagnað, skattlagðar launatekjur starfsmanna o.fl. en undanskilur önnur áhrif.

Þessum víðtæku áhrifum er gjarnan lýst sem **óbeinum** áhrifum og **afleiddum** áhrifum.



Afleidd áhrif eru hagræn áhrif þeirrar atvinnu sem ferðamenn skapa í landinu. Störf í ferðaþjónustu skapa aukinn kaupmátt starfsmanna sem veldur aukinni neyslu og eykur þar með skattalegan hagnað og launatekjur þeirra starfsmanna sem taka á móti neyslunni.

Afleidd áhrif hafa **margföldunaráhrif**, þ.e. aukin neysla kallar á fjölgun starfa hjá þeim fyrirtækjum sem taka á móti neyslunni sem veldur aukinni neyslu þeirra sem fara í þau störf o.s.frv.



Óbeinum áhrifum má lýsa sem hagrænum áhrifum neyslu ferðamanna á næsta stig virðis_keðjunnar, þ.e. fyrirtæki sem þjónusta þau fyrirtæki sem sinna ferðaþjónustu. Dæmi um slík fyrirtæki eru heildsalar, bílaumboð, verktakar og framleiðslufyrirtæki.



Framboð gagna


Við gagnaöflun fyrir greininguna höfum við rekið okkur á ýmsar takmarkanir gagna sem hafa sett skorður á umfang hennar að einhverju leyti.

Nánari umfjöllun um takmarkanir má sjá í viðauka.

Niðurstöður greiningar


Bein áhrif ferðamanna á tekjur og gjöld ríkissjóðs 2015

Áætluð bein áhrif ferðamanna á nettó tekjur ríkissjóðs nema 28 milljörðum króna



Bein áhrif ferðamanna á tekjur og gjöld sveitarfélaga 2015


Áætluð bein áhrif ferðamanna á nettó tekjur sveitarfélaga nema 11 milljörðum króna




Lykilniðurstöður | Samantekt beinna áhrifa ferðamanna

Nettó áhrif ferðamanna á beinar opinberar tekjur og gjöld á árinu 2015 eru metin samtals 39 ma.kr.

Fjöldi ferðamanna

 = 100 þús. Ferðamenn

Fjárhagsleg greining Deloitte miðast við árið 2015 þegar fjöldi ferðamanna nam um 1,3 milljónum.



Heimild: Ferðamálastofa

Greining á beinum opinberum tekjum og gjöldum vegna ferðamanna 2015
Deloitte ehf. | 2. júní 2017

Brúttó
opinberar tekjur

45
ma.kr.

5
ma.kr.

Brúttó
opinber kostnaður

Nettó áhrif
ferðamanna

 39
ma.kr.

Nettó tekjur ríkissjóðs

28
ma.kr.

Nettó tekjur
sveitarfélaga

11
ma.kr.

Viðauki

Helstu takmarkanir gagna*

Takmarkað framboð gagna hefur sett skorður á umfang greiningarinnar að einhverju leyti

Önnur hagræn áhrif

Í þessari greiningu nær meginleg (e. quantitative) greining Deloitte aðeins yfir **bein áhrif** vegna ferðamanna.

Ætla má að að óbein og afleidd áhrif vegna ferðamanna á Íslandi séu töluverð. Við mælum með að óbein og afleidd áhrif af ferðapjónustu verði einnig greind til þess að ná betri heildarmynd af fjárhagslegum áhrifum ferðamanna á ríki og sveitarfélög.



Innlendir ferðamenn

Greiningin nær að takmörkuðu leyti yfir áhrif **innlendra ferðamanna**. Sem dæmi liggja ekki fyrir gögn til þess að meta áhrif af akstri innlendra ferðamanna á einkabílum á opinber gjöld af eldsneyti og slit vega.

Röng skráning ÍSAT atvinnugreinaflokka

Greiningin byggir að stórum hluta á skattskilum og opinberum gjöldum einstaklinga og lögaðila sem falla í skilgreint mengi atvinnugreinaflokka.

Greiningin takmarkast þannig við skráningu **atvinnugreinaflokka** en ekki er tryggt að skráning sé uppfærð þrátt fyrir að rekstrartilgangur hafi tekið breytingum.

Í þeim tilfellum þar sem við höfum rekist á frávik í skráningum atvinnugreinaflokka höfum við óskað eftir endurvinnslu á gögnum frá Ríkisskattstjóra.



Akstursmynstur ökutækjaflokka innan og utan marka sveitarfélaga

Greiningin gerir ráð fyrir að vægi aksturs ökutækjaflokka (fólksbílar, hópþífreiðar, flutningabílar o.s.frv.) af heildarfjölda ekinna kílómetra sé með sama hætti innan og utan sveitarfélaga.

Ekki lágu fyrir upplýsingar um **akstursmynstur** ökutækjaflokka annars vegar innan sveitarfélaga og hins vegar utan.



Heimagistingar og sumarhús

Greiningin nær ekki utan um áhrif fasteigna-skatta og lóðaleigu vegna eigna sem hýsa skráðar **heimagistingar** eða **sumarhús** í útleigu. Ekki lágu fyrir áreiðanleg gögn um verðmæti slíkra eigna en áhrifin eru talin óveruleg á árinu 2015.


Rekstur bílaleiga

Ekki lágu fyrir upplýsingar frá rekstraraðilum um skiptingu á milli skammtíma og **langtímaleigu bílaleigubifreiða**. Fjöldi bílaleigubíla sem þjónustar ferðamenn í skammtímaleigu var áætlaður byggt á upplýsingum rekstraraðila og gögnum Hagstofu Íslands.

*Ekki er um tæmandi upptalningu að ræða

Helstu takmarkanir aðferðafræði*

Grunnþjónusta og innviðafjárfestingar



Rekstrarkostnaður grunnþjónustu

Í greiningunni er tekið tillit til útsvarstekna sveitarfélaga og skatttekna ríkissjóðs vegna starfsmanna þeirra fyrirtækja sem þjónusta ferðamenn en ekki hefur verið tekið tillit til kostnaðar ríkis og sveitarfélaga vegna **grunnþjónustu** við sömu starfsmenn.

Gert er ráð fyrir að sá kostnaður sem fellur til hjá ríki og sveitarfélögum vegna grunnþjónustu sé hluti af **innviðum** samfélagsins og myndi að mestu falla til óháð því hvort og hvar viðkomandi einstaklingar starfa.

Kostnaður við grunnþjónustu er þannig metinn sem **óbeinn kostnaður** við ferðamenn og ekki hluti af þessari greiningu.

Innviðafjárfestingar

Innviðafjárfestingar eru ekki taldar sem hluti af beinum kostnaði vegna ferðamanna, enda er um langtíma fjárfestingu að ræða en ekki beinan rekstrarkostnað opinberra aðila.


Áhrif hærra atvinnustigs


Greiningin inniheldur beinar tekjur opinberra aðila af ferðamönnum í formi tekjuskatts og útsvars starfsmanna. Önnur hagræn áhrif hærra atvinnustigs, svo sem lægri kostnaður við framfærslu atvinnulausra, eru ekki talin til beinna áhrifa.


*Ekki er um tæmandi upptalningu að ræða


Áhrif ferðamanna á beinar tekjur og gjöld ríkissjóðs

Uppruni gagna og greininga

 Tekjuskattur einstaklinga

 Tryggingagjald

 Tekjuskattur lögaðila

 Gistináttaskattur


Greiningin byggir á gögnum frá RSK um greidda staðgreiðslu og launastofn skilgreinds mengis ÍSAT atvinnugreinaflokka og upplýsingum frá Sambandi sveitarfélaga um meðalútsvar árið 2015.

Umfang gistináttaskatts byggir á upplýsingum úr ríkisreikningi.

Greiningin byggir á upplýsingum frá Samgöngustofu, Tollstjóra, rekstraraðilum bílaleiga og hópbifreiða auk upplýsinga frá RSK um meðalálagningu bifreiðagjalda á árinu 2015. Að auki er byggt á gögnum Hagstofu Íslands um neyslu erlendra ferðamanna.


Sá hluti áfengisgjalds sem tilheyrir neyslu ferðamanna er áætlaður byggt á kortaveltu ferðamanna.

 Opinber gjöld á eldsneyti

 Aðflutningsgjöld bifreiða

 Bifreiðagjöld

 Áfengisgjald

 Virðisaukaskattur

Greiningin byggir á gögnum frá RSK um uppgjör virðisaukaskatts þeirra lögaðila sem tilheyra skilgreindu mengi ÍSAT atvinnugreinaflokka.

Áætlað er að ferðamenn hafi greitt um 25 ma.kr. í virðisaukaskatt á árinu 2015. Endurgreiddur innskattur til fyrirtækja í menginu, vegna aðfanga sem seld voru til ferðamanna, nam 2,4 ma.kr. umfram greiddan útskatt. Innskattur fyrirtækja í ferðaþjónustu er útskattur fyrirtækja framar í virðiskeðjunni og þar með hluti af óbeinum áhrifum ferðamanna. Að auki sóttu ferðamenn 1,4 ma.kr. í formi svokallaðrar tax free endurgreiðslu.

Áhrif ferðamanna á beinar tekjur og gjöld ríkissjóðs

Uppruni gagna og greininga



Stjórnsýsla

Greiningin byggir á upplýsingum úr ríkisreikningi um kostnað Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis vegna reksturs Ferðamálastofu, Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða og ýmissa annarra ferðamála.

Áætluð jákvæð áhrif ferðamanna á skatttekjur og útsvar hækka framlög ríkis í jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

Áætlaður árlegur viðhaldskostnaður vegakerfis byggir á samtölum við stjórnendur Vegagerðarinnar auk upplýsinga frá Samgöngustofu og rekstraraðilum bílaleiga og hópþingreiða. Áætlaður hlutur ferðamanna byggir á gögnum frá Samgöngustofu og rekstraraðilum um meðalakstur og meðalþyngd mismunandi ökutækjaflokka. Niðurbrotsáhrif hvers ökutækjaflokks voru áætluð í samráði við sérfræðinga Vegagerðarinnar.



Samgöngur



Kynningar- og
markaðsmál

Áætlaður kostnaður Íslandsstofu sem snýr að ferðapjónustu byggir á samtölum og upplýsingum frá stjórnendum Íslandsstofu.

Áætlaður kostnaður vegna Landhelgisgæslu byggir á rannsókn sem Icelandic Tourism Research Center gerði árið 2014 á verkefnum Landhelgisgæslunnar sem tengjast ferðamönnum á Íslandi. Að auki er byggt á upplýsingum Landhelgisgæslunnar um fjölgun útkalla á árinu 2015 og þróun kostnaðar við hvert útkall.

Greining á kostnaði við störf lögreglunnar á Keflavíkurflugvelli og viðbótar fjárveitingu vegna aukins eftirlits í tengslum við fjölgun ferðamanna byggir á upplýsingum frá Lögregluembættinu.



Viðbragðsaðilar

Áhrif ferðamanna á beinar tekjur og gjöld sveitarfélaga

Uppruni gagna og greininga



Útsvarstekjur



Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Greiningin byggir á gögnum frá RSK um greidda staðgreiðslu og launastofn skilgreinds mengis ÍSAT atvinnugreinaflokka og upplýsingum frá Sambandi sveitarfélaga um meðalútsvar árið 2015.

Áætluð jákvæð áhrif ferðamanna á skatttekjur og útsvar hækka greiðslur til sveitarfélaga úr jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Greiningin byggir á gögnum sem unnin voru af Þjóðskrá Íslands um fasteigna- og lóðamat í árslok 2014, sundurliðað eftir sveitarfélögum, gerð húsnæðis og notkunarflokkum. Að auki byggir greiningin á opinberum gögnum frá Sambandi sveitarfélaga um álagðan fasteignaskatt sveitarfélaga árið 2015 og álagningarreglur fasteignagjalda.



Fasteignaskattur og lóðaleiga



Hafnar og afgreiðslugjöld

Upplýsingar um heildarfjölda skemmtiferðaskipa sem komu til íslenskra hafna árið 2015 voru veittar af Cruise Iceland. Gögnin geyma upplýsingar um komur skemmtiferðaskipa og fjölda farþega fyrir allar hafnir á Íslandi.

Áætlaðar tekjur og gjöld byggja á greiningum á sögulegum tölum úr rekstri Faxaflóahafna árið 2015 en um 25% af heildarkomum skemmtiferðaskipa til íslenskra hafna voru við Faxaflóahafnir.

Áhrif ferðamanna á beinar tekjur og gjöld sveitarfélaga

Uppruni gagna og greininga



Samgöngur

Undir liðinn viðhald og rekstur gatnakerfis í ársreikningum sveitarfélaga fellur allur kostnaður sveitarfélaga vegna viðhalds gatnakerfis. Sá hlutur kostnaðar sem tilheyrir ferðamönnum var áætlaður byggt á gögnum frá Samgöngustofu og rekstraraðilum um meðalakstur og meðalþyngd mismunandi ökutækjaflokka. Niðurbrotsáhrif hvers ökutækjaflokks voru áætluð í samráði við sérfræðinga Vegagerðarinnar.

Undir liðinn ferðamál í ársreikningum sveitarfélaga fellur kostnaður sveitarfélaga við uppbyggingu á ferðamannþjónustu, svo sem rekstur tjaldsvæða og almenningssalerna, upplýsingamiðstöðva fyrir ferðamenn og kostnaður við embætti ferðamálafulltrúa.



Ferðamál



Kynningar- og markaðsmál

Byggt á upplýsingum um framlög sveitarfélaga til markaðsstofa landshlutanna.

Undir liðinn brunavarnir í ársreikningum sveitarfélaga fellur m.a. rekstrarkostnaður slökkviliðs og slökkviliðsbíla og eldvarnareftirlit. Sá hlutur raunkostnaðar ársins 2015 sem tilheyrir ferðþjónustu var áætlaður í samræmi við meðalhutfall ferðamanna af heildarfólksfjölda á árinu 2015.



Viðbragðsaðilar



Skipulagsmál

Undir liðinn skipulagsmál í ársreikningum sveitarfélaga fellur m.a. svæða-, aðal- og deiliskipulag ásamt kostnaði við byggingarnefndir og eftirlit auk tekna vegna byggingarleyfa og úttektargjalda. Sá hlutur raunkostnaðar við skipulagsmál sem tilheyrir ferðþjónustu var áætlaður með vegnu meðaltali svara úr rafrænni könnun sem lögð var fyrir fjármálastjóra sveitarfélaga.



Undir vörumerki „Deloitte“ sameinast kraftar þúsunda sérfræðinga sem starfa hjá sjálfstæðum félögum um allan heim við að veita viðskiptavinum þjónustu á sviði endurskoðunar, ráðgjafar, fjármála, áhættustjórnunar og skattamála. Þessi félög eru aðilar að Deloitte Touche Tohmatsu Limited (DTTL), sem er breskt einkahlutafélag (private company limited by guarantee). Hvert aðildarfélag veitir þjónustu á tilteknu landssvæði og er bundið þeim lögum og fagreglum sem þar gilda. Félagið DTTL innir ekki af hendi þjónustu til viðskiptavina. DTTL og aðildarfélag þess eru aðskildir og sérgreindir lögaðilar sem ekki geta skuldbundið hvert annað. DTTL og aðildarfélag þess bera eingöngu ábyrgð á eigin gjörðum eða vanrækslu en ekki á aðgerðum hvers annars. Hvert aðildarfélag DTTL er skipulagt í samræmi við innlend lög, reglugerðir, viðskiptavenju og aðra þætti, og getur veitt sérfræðiþjónustu á starfssvæði sínu í gegnum dótturfélög, tengd félög, og/eða önnur félög.

Deloitte veitir bæði opinberum aðilum og einkafyrirtækjum í fjölmörgum atvinnugreinum endurskoðunar-, skatta-, ráðgjafar- og fjármálaþjónustu. Alþjóðlegt sérfræðinet Deloitte tengir saman sérfræðinga í 150 löndum þannig að saman fari ítarleg staðbundin þekking og alþjóðleg hæfni, viðskiptavinum til hagsbóta. Hjá Deloitte starfa um 245.000 sérfræðingar sem stefna saman að því að veita ávallt framúrskarandi þjónustu. Þetta rit inniheldur almennar upplýsingar; með útgáfu þess eru aðilar að sérfræðineti Deloitte, þ.e. Deloitte Touche Tohmatsu Limited, aðildarfélag þess eða samstarfsfélag, ekki að veita sérfræðiráðgjöf eða þjónustu.